

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason.

1. gr.

2. másl. 3. mgr. 70. gr. og 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laganna orðast svo: Þó er einstökum stofnfjáreigendum og þeim sem nán tengsl eru á milli, sbr. 2. mgr. 18. gr., eða tengdir eru nánnum sífjatengslum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yferráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að við mat á því hvaða magn atkvæða hver má fara með á fundi stofnfjáreigenda í sparisjóði skuli litið bæði til tengsla milli félaga og fyrirtækja, sbr. þá 2. mgr. 18. gr. laganna, og sífjatengsla á milli einstaklinga. Með „nánnum sífjatengslum“ er hér átt við systkin, maka, foreldra og börn.